

54. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1,5. febrúar 2009 kl. 16:00 að Hamraborg 1.

Dagskrá: 1. Kostnaður við ársrit stofnunarinnar og fjármál árið 2008; 2. Afhendingar skjala til Héraðsskjalasafnsins árið 2008; 3. Starfsmannamál; 4. Fundur héraðsskjalavarða og Þjóðskjalasafns Íslands; 5. Störf Héraðsskjalasafnsins framundan, áform og horfur; 6. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, Hjörtur Pálsson og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn. Gestur fundarins var Guðrún Pálsdóttir, sviðsstjóri Tómsunda- og menningarviðs.

- 1. Kostnaður við ársrit stofnunarinnar og fjármál árið 2008:**
Héraðsskjalavörður dreifði „Niðurstöðu fjármála Héraðsskjalasafns Kópavogs árið 2008 miðað við fjárhagsáætlun.“ og jafnframt „kostnaðaryfirliti“ yfir Ársrit Héraðsskjalasafn Kópavogs 2006-2007. Frávik frá því sem rætt var í september 2008 er hækkun um kr. 149. 753 vegna ófyrirséðra hækkana.
- 2. Afhendingar skjala til Héraðsskjalasafnsins árið 2008:** Héraðsskjalavörður dreifði drögum að lista yfir „afhendingar til Héraðsskjalasafns Kópavogs 2008.“
- 3. Starfsmannamál:** Gunnar Marel Hinriksson hefur verið ráðinn tímabundið sem skjalavörður við safnið frá 15. janúar til 15. mars 2009.
- 4. Fundur héraðsskjalavarða og Þjóðskjalasafns Íslands:** Héraðsskjalavörður skýrði frá fundi með héraðsskjalavörðum og starfsmönnum Þjóðskjalasafns 27.-28. jan. sl. Á fundi þessum lagði héraðsskjalavörður fram umsögn sína (dags. 13. maí 2008) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands (Fsk. 1) ásamt viðbótarathugasemdum frá 23. maí 2008 (sama fskj.). Í frumvarpinu er lögð áhersla á rafræna gagnavörslu í framtíðinni en Héraðsskjalavörður Kópavogs leggst gegn henni með ýmsum rökum, hún sé bæði ótrygg og kostnaðarsöm („miklu dýrari en hefðbundin skjalavarsla“). Í viðbótarathugasemdum óskar héraðsskjalavörður eftir því „að gerðar verði ráðstafanir til þess að kostnaður við framkvæmd þessa frumvarps hjá héraðsskjalasöfnum fái greiddur að fullu úr ríkissjóði, nái það fram að ganga.“
- 5. Störf Héraðsskjalasafnsins framundan, áform og horfur:** Lagt var fram skjal sem er niðurstaða af fundi Gunnars Marels skjalavarðar og Hrafns Harðarsonar bæjarbókavardar um einkaskjöl sem unnt væri að fá afhent til Héraðsskjalasafn Kópavogs. Nefnd eru í niðurstöðum þess 20 atriði sem vert væri að athuga.
Rætt var um nauðsyn þess að fá fólk til að aðstoða við störf á safninu vegna margra verkefna. Héraðsskjalaverði var falið að gera í samvinnu við bæjaryfirvöld ráðstafanir sem við ættu ef Kópavogsbær fær fé frá ríkinu til þess að hægt sé að ráða fólk vegna atvinnuleysis. Einnig vonar stjórn Héraðsskjalasafnsins að það njóti góðs af því að bærinn hefur lagt fram 100 milljónir til að bregðast við atvinnuleysi í bænum.
- 6. Önnur mál:** Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Fleira var ekki rætt á fundinum. Fundi slitið kl. 17.30.
Fundarritari Bjarni Ólafsson